

# Ósk um umsögn um samþykkt um frístundaheimili

**Starfshópur um endurskoðun frístundaheimila, frístundastyrkja og fyrirkomulags niðurgreiðslna og gjalda hefur ásamt starfsmönnum tómstundaskrifstofu unnið að samþykkt um starfsemi frístundaheimila. Sú samþykkt tengist fjölmörgum aðilum í Hafnarfirði og því er það mikilvægt að fá umsögn frá sem flestum aðilum.**

Í dag er engin slík samþykkt til. Fritími barna og fullorðinna er dýrmætur og í vaxandi mæli er það krafa foreldra að vinnutími barna verði samfelldari og ennfremur að gæði frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum fjölskyldunnar fyrir samveru að vinnudegi loknum. Frístundaheimili er ekki lögboðin þjónusta sveitarfélagsins en hefur fest sig í sessi sem mikilvægur liður í uppeldi og reynslunámi barna. Nú verður unnið að því að auka við framboð á áhugaverðum verkefnum fyrir nemendur í frístundaheimilum úr 3. og 4. bekk en afar fá börn úr þessum aldurshópi hefur tekið þátt í starfinu. Einnig verður sérstök áhersla lögð á að styðja við læsisátak í Hafnarfirði. Frístundaheimili munu taka þátt í því og sköpuð verður aðstaða fyrir nemendur til að lesa og stunda heimanám.

Eftirtöldum aðilum eru sendar tillögur að samþykkt Hafnarfjarðarbæjar um starfsemi og rekstur frístundaheimila: Foreldrafélagi í hverjum grunnskóla, Íþrótt- og tómstundanefnd, skólastjórum hvers grunnskóla, verkefnastjórum hvers frístundaheimilis, fræðsluskrifstofu, Ungmennaráði Hafnarfjarðar, ÍBH fyrir hönd allra íþróttafélaga í Hafnarfirði, skátafélaginu Hraunbúum og umhverfi og framkvæmdum hjá Hafnarfjarðarbæ. Þá eru tillögurnar á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar þar sem bæjarbúum gefst tækifæri á að sjá drögin og koma með athugasemdir.

Ég óska eftir að fá umsögn eða innlegg þitt eða stofnunar/félags sem þú stendur fyrir ekki síðar en mánudaginn 13. apríl á netfangið [geir@hafnarfjordur.is](mailto:geir@hafnarfjordur.is) en einnig má senda mér frekari fyrirspurnir um verkefnið ef frekari upplýsinga er þörf.

Fyrir hönd starfshópsins

Geir Bjarnason forvarna- og æskulýðsfulltrúi

Strandgötu 6, s. 5855754